



Aðgerðaráætlun í eineltismálum

Eineltisteymið vinnur saman að því að leysa eineltismál sem upp koma. Í eineltisteyminu er umsjónarkennari, náms- og starfsráðgjafi og stjórnandi.

Skref 1. Þegar vaknar grunur um einelti

- Óformleg könnun - Ef málið liggur ekki ljóst fyrir þarf ábyrgðaraðili að afla sér lágmarks upplýsinga áður en lengra er haldið.
- Gátlisti fyrir kennara
- Viðtal við þolanda
- Viðtal við geranda

Skref 2. Aðgerðir

- Ábyrgðaraðili fyllir út tilkynningaeyðublað. Boðar eineltisteymið á fund.
- Eineltisteymi hittist og fer yfir aðgerðaáætlun næstu vikuna.
- Úrvinnsla viku síðar, eineltisteymi fundar.
- Umsjónarkennari hringir í foreldra og upplýsir um könnunarferlið.
- Ef ekki er um einelti að ræða þá boðar umsjónarkennari foreldra á fund með eineltisteyminu.
- Ef grunur er um einelti fer ferlið í skref 3.

Skref 3. Rökstuddur grunur um einelti

- Foreldrar þolenda boðaðir til fundar með eineltisteyminu. Foreldrar upplýstir um aðgerðir.
- Foreldrar geranda boðaðir til fundar með eineltisteyminu.
- Foreldrar upplýstir um aðgerðir.
- Stöðufundur með foreldrum þolenda og geranda eftir tvær vikur.
- Eineltisteymi er með eftirfylgni í 6 mánuði og tekur umsjónarkennari viðtöl mánaðarlega við gerendur og þolendur.

Skref 4. Ef aðgerðir bera ekki árangur. Möguleg úrræði:

- Vísa máli til nemendaverndarráðs
- Kalla aftur foreldra geranda/gerenda, meta hvort þurfi föst viðtöl til lengri tíma eða jafnvel sálfræðiaðstoð að halda.
- Kalla aftur til foreldra þolanda
- Gerandi/gerendur verða í fylgd starfsmanns í frímínútum
- Gerendur fá ekki að fara í frímínútur og/eða kennslustundir
- Foreldrar fylgja barni sínu tímabundið í kennslustundir og frímínútur.
- Forráðamenn geta óskað eftir aðstoð fagraðs hjá mennta- og menningarmálaráðuneytisins
- Hugsanlegt er að vísa geranda tímabundið úr skóla.